

# JÓLAGJAFIR

LAUGARDAGUR 19. NÓVEMBER 2011

**Kynningarblað** Harðir pakkar, mjúkir pakkar, námskeið og heimagerð.



**KitchenAid®**

**JÓLATILBOÐ**



Öllum **KitchenAid®** hrærivélum fylgir 4,8 lítra glerskál ásamt hveitibraut og matreiðslubók á íslensku.



Vélin fæst í mörgum litum  
- Verð frá kr. 79.990



**Einar Farestveit & Co.hf.**

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • [ef@ef.is](mailto:ef@ef.is) • [www.ef.is](http://www.ef.is)

# Góð hugmynd fyrir grúskara

Dundarar og tómstundadýrkendur eru fjölmargir hér á landi. Gífurlegt úrval handbóka og fræðibóka auðveldar val á jólagjöf handa þessum fróðleiksfúsu og forvitnu grúskurum. Hvort sem það eru fuglaáhugamenn, handavinnufólk, áhugakokkar eða ritsnillingar þá er að finna skemmtilegar handbækur sem henta áhugamálinu.

## HANDAVINNAN



### Stóra saumabókin

Ómissandi handbók fyrir alla sem áhuga hafa á saumaskap og langar til að sauma fallegan fatnað, skemmtilega fylgihluti, skrautmuni, gluggatjöld eða annað til heimilisins. Hér er margvíslegum aðferðum við saumaskap lýst skref fyrir skref, rætt um efni og áhöld og sýnt nákvæmlega með itarlegum skýringarljósmyndum hvernig fara skal að.

Í bókinni er hægt að læra allt um snið og saumaspor, vélsaum og handsaum, hnappagöt, vasa, fellingar og falda. Stóra saumabókin er langstærsta bók um saumaskap sem hefur komið út á íslensku. Bókin gagnast bæði byrjendum og lengra komnum.



### Prjónað úr íslenski ull

Mikill fengur fyrir áhugasamt prjónafólk sem þyrstir í klassískar og fallegar uppskriftir að flíkum úr íslenski ull. Bókin er jafnframt fræðandi og

skemmtileg fyrir alla sem hafa áhuga á sögu handverks og ullar.

Í bókinni er að finna 65 uppskriftir sem valdar eru í samstarfi við Ístex. Margar hverjar eru áður ófánlegar sígildar uppskriftir og aðrar nýrri með nýtskulegu ívafi. Áherslan er lögð á lopapeysur en einnig eru uppskriftir að smærri viðfangsefnum eins og húfum, sokkum, vettlingum og treflum.

Í bókinni er einnig í fyrsta skipti rakin á einum stað saga þrjóns á Íslandi. Bókin kemur einnig út á ensku og er því tilvalin gjöf fyrir erlenda gesti og áhugafólk um íslenska ull.



### Sokkaprjón

Í þessari liflegu og fallegu bók er að finna 52 uppskriftir að sokkum á kríli, krakka, konur og karla. Í bókinni eru einfaldar og skýrar uppskriftir að alls kyns sokkum og ótal munsturbekkjum en einnig nákvæmar leiðbeiningar með ljósmyndum sem sýna hvernig sokkar eru prjónaðir. Bókin er óvenjuleg að því leyti að á bak við bókina er ekki bara einn höfundur heldur heil fjölskylda. Guðrún S. Magnúsdóttir, höfundur bókarinnar, setti sér það markmið að prjóna eina sokka á viku í heilt ár til að kenna afkomendum sokkaprjón. Eftir árið var komið efni í heila bók sem börn hennar vildu að fleiri fengju að njóta.

## ÚTI AÐ SKOÐA OG TÍNA

### Íslenskar lækningajurtir

Íslenskar lækningajurtir kom fyrst út fyrir um 20 árum og hefur verið endurútgefin nokkrum sinnum óbreytt



enda verið feikilega vinsæl. Nú kemur bókinn út í nýrri mynd, rækilega uppfærð og endurskoðuð

Í bókinni er gerð grein fyrir lækningamætti íslenskra jurta og úrvali erlendra lækningajurta sem nálgast má hér á landi. Fjallað er um einkenni jurtanna og hvar þær er að finna, hvaða hlutar þeirra nýtast best til lækninga, virk efni í þeim og áhrif þeirra á mannlíkamann og gegn hvaða kvillum jurtalyf hafa reynst best. Auk þess prýða bókina á þriðja hundrað ljósmyndir í lit af öllum jurtum. Þá er hinum fornu fræðum kínverskra jurtalækninga gerð skil og þau tengd við jurtirnar sem fjallað er um í bókinni.



### Íslenskur fuglavísir

Ein vinsælasta handbók sinnar tegundar á Íslandi er komin út í nýrri og endurbættri útgáfu. Íslenskur

fuglavísir er vönduð greiningarhandbók um íslenska fugla. Í þessari nýju útgáfu er fjallað um 160 tegundir fugla en tæplega fjórutíu fuglategundir hafa bæst við frá fyrri útgáfum. Bókin kemur einnig út í enskri og þýskri þýðingu.

Bókin hentar fuglaáhugafólki á öllum aldri, jafnt byrjendum sem lengra komnum. Jóhann Óli Hilmarsson, höfundur bókarinnar, er ástríðufullur fuglasérfræðingur og hefur hann sjálfur tekið flestar ljósmyndirnar.

## MATREIÐSLUBÆKUR



### Heimsréttir Rikku


Sjónvarpskokkurinn Friðrika Hjördís Geirsdóttir leggur upp í sálkeraleiðangur í eldhúsinu og gefur einfaldar og girnilegar uppskriftir að frægum réttum frá átta löndum. Í bókinni er að finna franska lauksúpu, ítalskt ragú bolognese, marokkóskt tagine, sænska kladdköku, pakistanskt seekh kebab, tailenska karamellu- og kókosbanana og enska smalaþöku svo fátt eitt sé nefnt. Friðrika lærði matargerð í London, hefur gert fjölda matreiðslupáttar fyrir sjónvarp, haldið námskeið og gefið út matreiðslubækur. Heimsréttir Rikku er fjórða bók hennar.

### Góður matur - gott líf

Inga Elsa Bergþórsdóttir og Gísli Egill Hrafnsson eru ástríðufullir matgæðingar og deila hér reynslu sinni. Í bókinni má finna einfaldar leiðbeiningar um öflun, ræktun og meðhöndlun á ýmiss konar árstíðabundnu íslensku hráefni. Sagt er í myndum og



máli frá fjölbreyttri matseld, verkun og vinnslu, svo sem súrdeigsbakstri, söltun, reykingu, ostagerð, pylsugerð og meðferð villibráðar. Fyrst og fremst gefa Inga og Gísli Egill uppskriftir að miklum fjölda girnilegra rétta, ljúffengum hversdagsmat í bland við gömsæta veislurétti.



### Jólamatur Nönnu

Nanna Rögnvaldardóttir er löngu orðin þjóðkunnur matgæðingur. Hún hefur gefið út fjölda matreiðslubóka og er afar fróð um allt sem snýr að matargerð.

Hér hefur hún samið bók þar sem hún gefur uppskriftir að hefðbundnum jólamat en sýnir einnig nýstárlegar útfærslur á kunnuglegum veisluréttum. Í bókinni má finna tillögur að mismunandi forréttum, aðalréttum, meðlæti og eftirréttum. Þá má einnig finna uppskriftir að ýmiss konar góðgæti til að útbúa á aðventunni.


# Heitar jólagjafir handa elskunni

Komdu skemmtilega á óvart og gefðu gjöf sem kveikir ástríðueld á jölunum. Leyfðu rómantíkinni að blómstra á jölunum og laumaðu djörfum jólapakka undir jólatréð.

**K**ynlífsbiblían. Grundvallarrit um ástaratlot er leiðarvísir elskenda að frábæru kynlífi; hispurslaus og falleg bók um fjölbreytileg ástaratlot og gælur sem auka unað og algleymi. Í Kynlífsbiblíunni er fjallað um tælingu, forleik, munngælur, samfarir, fullnægingar, heilagt kynlíf, kynlífsleikföng og leiki svo eitt-hvað sé nefnt.


**Súpersexspilinn** er djarfur spilastokkur sem hleypir fjöri í sambandið. Stokkurinn

hefur að geyma 52 spil sem hvetja til nýrra ævintýra í kynlífinu. Á hverju spili er að finna skemmtun, frumlegar hugmyndir og ábendingar sem stokka svo sannarlega upp kynlífið. Fantasíur, hlutverkaleikir, stellingar, kynlífsráð – þetta er allt í kortunum og öll spilin eru tromp sem kveikja nýjan losta.



# ego dekor

HETTHI  
Stækkanleg eikarborð



Stærð: 160 (248)X100cm  
Verð: 169.900,-

Stærð: 200(288)X110cm  
Verð: 189.900,-



PINK DREAM Tungusófi

Stærð: 292X160

Tilboðsverð: 206.100,-



HETTHI Eikarskenkur

Stærð: 180X45XH:125cm

Verð: 195.000,- \*



PEGASO stóll  
Verð: 18.900,-

TOPAZ leðurstóll  
Tilboðsverð: 14.365,-

TWIST leðurstóll  
Verð: 16.900,-

## MIKIÐ ÚRVAL AF FALLEGUM HÚSGÖGNUM



FATCAT tungusófi

Færanleg tunga

Stærð: 320X165

Tilboðsverð: 219.600,-



CHANARAL  
armstóll  
Verð: 39.900,-

BAR Lady Rock  
Verð: 105.000,-

RONNE stóll  
Verð: 29.900,-



KUND tungusófi

Stillanlegir höfuðpúðar

Stærð: 303X168

Tilboðsverð: 238.500,-



COMO  
Svart vengi

ERIC skenkur  
Breidd: 170cm  
Verð: 139.900,-

CARLO borðstofuborð  
Stærð: 220X100  
Verð: 108.000,-



ROMEIO leðurtungusófi

Stærð: 320X165

Verð: 328.000,-

Opið mán-fös: 10:00 - 18.00  
Opið um helgina: Lau 10.00-16.00 - Sun: 13.00-16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12  
S: 5444420 - [www.egodekor.is](http://www.egodekor.is)

# Örlátir auðkýfingar

Það eru ekki allir auðkýfingar eins og hinn breski Skröggur, ein af aðal-söguhetjunum í jólasögu Charles Dickens, frá 1843, sem ekki mátti sjá af einum einsta eyri og þöldi reyndar hvorki jólin né nokkuð það sem gat veitt fólki hamingju.

Algjör andstæða hans verður að teljast þokkadísinn og þáttastjórnandinn bandaríski Oprah Winfrey, sem er ein af ríkustu konum heims. Hún heldur úti vikulegum þætti og í hverjum þeirra eiga áhorfendur í salnum von á góðum gjöfum en nú fyrir jólin sló hún sjálfa sig endanlega út og salurinn ærðist þegar hulunni var svipt af Wolkswagen-bjöllu árgerð 2012. Heppinn gestur hreppti svo bílinn í hálfgerða jólagjöf. Það var ekkert skrítið þó að fólkið hoppaði, skoppaði og grét allt í senn af spenningi. Það má með sanni segja að Oprah sé örlátur auðkýfingur.



Oprah Winfrey

Það sama má segja um William Henry Gates III, eða Bill Gates eins og hann er jafnan nefndur, en hann er stofnandi og stjórnarformaður Microsoft. Hann hefur verið í hópi ríkustu manna undanfarin ár þótt svo virðist sem hann hafi engan sérlegan hug á að vera það lengur, en um tíma komust eignir hans yfir 100 milljarða Bandaríkjadala. Jólin eru allt árið um kring hjá Bill og konu hans Melindu, sem eru þó ekkert að íhuga að kaupa jólagjafir sérstaklega fyrir alla þessa peninga. Þau ætla hins vegar að gefa 95-99 prósent af eignum sínum til góðra mála áður en hann deyr. Í því felst ekki, því miður, að greiða jólakreditkortaskuldir af handahófi eins og Oprah gæti dottið í hug. Nei, Bill hefur gefið 30 milljarða Bandaríkjadala til Bill&Melinda Gates-stofnunarinnar, sem er stærsta góðgerðastofnun í heimi, og hefur m.a. stutt verkefni í þróunarlöndum.



Bill Gates



Warren Buffet

Warren Buffet er annar megamilljarðamæringur sem hefur engan áhuga lengur á því að láta svo mikla peninga loða við sig, þó að hann hafi engar yfirlýsingar gefið um stórtækjar jólagjafir til almennings. Hann tilkynnti hins vegar fyrir nokkrum árum að hann myndi gefa allar eigur sínar til sjóðsins sem Gates-hjónin reka og tvöfalda þar með stærð hans. Er ekki yndislegt að eiga svona góða jólasveina alla daga? Þessir hafa uppgötvað að græðgi er ekkert góð!



Verslunarleiðangra um jólin ætti að njóta eftir fremsta megni enda gefandi að finna eitthvað fallegt handa sínum nánustu.

NORDICPHOTOS/GETTY

# Ekki kvíða innkaupum



Allt of margir njóta þess ekki að kaupa og gefa jólagjafir því þeim finnst erfitt að finna hina einu réttu handa ástvinum sínum. Þessi hugsunarháttur rænir fólk gleðinni yfir að gefa og sumir kvíða jafnvel gjafakaupunum.

Það ætti fátt að vera jafnskemmtilegt og að fara í almennilega verslunarleiðangra um jólin og hafa löglega afsökun til þess að spreða dálitlu af peningum í þá sem manni þykir vænt um. Það er engu að kvíða, það er eitthvað til handa öllum og sumar jólagjafir eru sígildar og gott að grípa til þeirra.

Það þarf engar áhyggjur að hafa af blessuðum börnunum. Áhugamál þeirra eru svo fjölbreytt að það má alltaf finna gjafir handa þeim, en bók er sígild gjöf og börn ættu alltaf að fá tvær til þrjár bækur um hver jól svo að hver tölvukynslóðin á fætur annarri læri einnig hvernig orðin í bókunum geta gefið ímyndunaraflinu lausan tauminn.

Flestir þeir sem eru að leita að jólagjöfum fyrir sína nánustu kvarta yfir að þeir eigi allt - en það

á líka við um þá sjálfa! Þegar við erum að leita að gjöfum fyrir fullorðna þá er gott að líta til áhugamála viðkomandi

og kanna hvort hann kunnir að vanta eitthvað þar. Nú ef ekki þá er fjöldinn allur af lífsnautnagjöfum sem kítar nautnasegginn í okkur. Góð bók, hvort sem það er krimmi eða ævisaga, er ævinlega gjöf sem gleður og gott að eiga á jólnum undir góðri sæng. Það sama má segja um geisladisk.

Enginn slær hendinni á móti góðri matarkörfu, ostum, heimalögðuðu sultutauvi, paté, konfekt, góðu raudvíni eða sérrí og ef til vill fallegu kerti. Ef gefandinn vill koma nautnaseggnum út úr húsi er gjafabréf í leikhús góður kostur og jafnvel gjafabréf í bíó. En þeir sem vilja slá virkilega í gegn ættu að gefa persónulegt gjafabréf sem felur í sér samveru með besta vininum, frænkunni, mömmunni og svo framvegis og gera eitthvað virkilega sérstakt. Gleðileg jól.



# NÝJAR BÆKUR!

Unga ástin mín

- Þroskandi barnabækur



5-12 ára



7-10 ára



Frá höfundi Greppiklóar og Greppibarns.



Stafabókin loksins komi!



3+ ára



Yndislegar hljóðbækur fyrir yngstu krílin.



Þessar henta vel í skólin!



HÓ, HÓ, HÓ!

## Sparið vinnu og fyrirhöfn

Veislubjónusta Nings býður upp á úrval framandi og hefðbundinna veisluréttanna fyrir allar tegundir af veislum. Við elskum brúðkaup, fögnum afmælum, þökkum guði fyrir jólaveislurnar og...

# við erum rosalega spennt fyrir vinnustaðaveislum



## Veislubjónusta

# NINGS

Skoðið úrval veisluhugmynda á [www.nings.is](http://www.nings.is)

Veislur eru okkar fag

Verð frá **1795 kr.** pr. mann


Panta þarf veislur með minnst dags fyrirvara

Hafðu samband og við veitum ráðgjöf þér að kostnaðarlausu. Sími: 588 0999 og 822 8833

## GEFÐU LÍFSREYNSLU OG KUNNÁTTU

**Maðurinn lærir** svo lengi sem hann lifir. Það er því ekki of seint að byrja að læra eitthvað nýtt þó að komið sé fram yfir þrítugt. Suma dreymir um að læra á hljóðfæri, aðra að læra að dansa, elda eða læra nýtt tungumál. Því er ekki úr vegi að gefa slíku fólki byrjendanámskeið til að ýta draumnum úr vör.

Gjafabréfinu má síðan koma fyrir í fallegu umslagi með íburðarmiklum borða.



## KLASSÍSK GJÖF

**Gamli spilastokkurinn** er sígild gjöf og einkar jólaleg. Ekki er úr vegi að láta svo sem tvö kerti fylgja með pakknum og verður þá gjöfin einkar hlýleg.

Fallegir spilastokkar fást víða og til vina í útlöndum er sniðugt að velja spilastokk og senda með mynd af íslensku landslagi, fossi, eldfjöllum eða öðru slíku. Þá er líka víða hægt að fá kerti gerð á Íslandi.

## HEIMATILBÚNAR GJAFIR

**Peir sem** eru sniðugir í eldhúsinu ættu að íhuga að gefa sínum nánustu heimatilbúnar jólagjafir. Það er ódýr lausn en sýnir fallegan hug og ekki síst hugmyndaflug. Sultur, smákökur, konfekt, brauð og kökur sem pakkað er inn á fallegan máta hitta ávallt í mark.

Önnur lausn er að setja í krukku, lagskipt, allt það hráefni sem þarf til að hræra í annaðhvort brauð, smákökur eða köku og láta fylgja með uppskrift á fallegum miða. Þannig getur sá sem fær gjöfina ráðið því hvenær hann gæðir sér á hinni hugvitsamlegu og girnilegu jólagjöf.



## JÓLAGJÖF ÁHALDASAFNARANS

**Sannir safnarar** og áhugamenn um eldhúsáhöld, smíðaverkfæri og annað slíkt segja að þeir geti alltaf á sig blómum bætt. Sama hversu mörg eldhúsáhöldin eru orðin eða skrúfjárnin, það má alltaf finna eitthvað nýtt, hvort sem er sérstaka tegund af grænmetisflýsjar, piparkvörn, eggjabikar eða öðru spennandi. Safnarar eiga það auk þess sameiginlegt að finnast þeir aldrei eiga nóg af því sem safnað er.

Mikið og gott úrval af spennandi dóti í eldhúsið eða verkfærakassann er í miðbænum, verslunarmiðstöðvum og jafnvel í úthverfunum en það má taka fram að eldhúsdót er ekki síður áhugamál karlmannna, enda oft alvöru græjur með ljósum og hávaða.

Það er sniðugt að skanna eldhús þess ættingja eða vinar sem á að gefa gjöfina og sjá hvort ekki vantar eitthvað. Nú eða þá bara að muna að biðja um skiptimiða á gjöfina. Ef gjöfin er mjög frumleg, og jafnvel það nýjasta nýtt í græjutækjaheiminum, er svo næsta vist að þetta verði frumeintak á heimilinu.



Albert Finney fékk Golden Globe-verðlaunin fyrir túlkun sína á Scrooge í söngleikjakvikmynd byggðri á sögunni árið 1970.

# Jóladraumur Dickens sívinsæll

**Charles Dickens sló svo sannarlega réttan tón þegar hann skapaði persónu nískupúkans Ebenezers Scrooge. Sagan hefur verið endurgerð oftar en tölu verður á komið og veitir enn andagift til nýsköpunar. Einn þeirra sem snúið hafa út úr henni er Rowan Atkinson.**

**J**óladraumur Charles Dickens er án nokkurs vafa frægasta jólasaga allra tíma, að jólaguðspjallinu undanskildu. Sagan kom upphaflega út 17. desember 1843 og sló umsvifalaust í gegn. Dickens sjálfur hélt svo mikið upp á söguna að í fyrsta skipti sem hann las upp úr verkum sínum opinberlega las hann kafla úr henni. Sögunni hafa í árunna rás verið gerð skil í fjölda kvikmynda, sjónvarpsþátta, leikrita og óperu og ýmsir útrúsnúningar á henni hafa einnig litið dagsins ljós.

Sagan segir af fúllynda nískupúkanum Ebenezer Scrooge sem hatast við jólin og tilstandið sem þeim fylgir. Eftir heimsókn Jacobs Marley og þriggja anda á jólanótt skiptir hann um skoðun og meðtekur boðskap jólanna. Andarnir tákna jöl fortíðarinnar, nútíðarinnar og framtíðarinnar og sýna Scrooge myndir úr lífi hans til að sannfæra hann um villu síns vegar.

Það væri að æra óstöðugan að telja upp allar þær útgáfur sem gerðar hafa verið af sögunni, en ein sú eftirminnilegasta er tvímælalaust útgáfa Rowans Atkinson í Blacadder-þáttaröðinni sem sýnd var á jölunum 1988. Þar snýr Atkinson sögunni á haus og lætur Ebenezer Blackadder vera góðan og gjafmildan í upphafi sögu en sannfærest um ágæti græðgi og



eigingirni við heimsókn jólaandanna. „Slæmir strákar skemmta sér best“ er niðurstaðan sem Atkinson lætur Ebenezer komast að.

Önnur skemmtileg útgáfa er kvikmyndin Ghosts of Girlfriends Past frá árinu 2009 þar sem Matthew McConaughey leikur hjartlausan og sjálfsupptekinn kvennabósa sem snýr til betri vegar eftir heimsókn anda fyrrverandi kærustu sem fer með hann í gegnum samskipti hans við konur í árunna rás. -fsb

**HREYFING** HEILSULIND **BLUE LAGOON** ICELAND

Gefðu ávísun á vellíðan og betri heilsu hjá Bláa Lóninu, Hreyfingu og Blue Lagoon Spa

www.bluelagoon.is | www.hreyfing.is | www.bluelagoonspa.is

# Eitt mesta úrval landsins af hvíldarstólum



Rafstýrður hvíldarstóll með lyftu sem lyftir þér upp og úr stólnum.  
Afar hentugt fyrir eldra fólk og þá sem eiga erfitt með hreyfingar.  
Innbyggður skemill.

Verð aðeins  
kr. 139.000.-



Verð nú aðeins  
kr. 149.000.-



Verð aðeins  
kr. 129.000.-



Verð aðeins  
kr. 119.000.-

Vandaður hvíldarstóll með leðri  
Litir: Svart og hvít



Verð aðeins  
kr. 89.000.-

Vandaður hvíldarstóll með slitsterku áklæði



Verð aðeins  
kr. 99.000.-

Vandaður hvíldarstóll með leðri



Verð aðeins  
kr. 99.000.-

Vandaðir hvíldarstóll með slitsterku áklæði



Verð aðeins  
kr. 129.000.-

Vandaðir hvíldarstólar með leðri



Verð aðeins  
kr. 129.000.-

Taktu það létt...

**12**

mán. vaxtalausar greiðslur

**Val** húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík

Sími 581-2275 ■ 568-5375

[www.valhusgogn.is](http://www.valhusgogn.is)

Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 11-16



#### MISTILTEINN FYRIR KOSSA

Ertu í vandræðum með jólagjöf handa vini sem er nýlega orðinn ástfanginn og ætlar að verja jólastundum í faðmi elskunnar sinnar? Komdu þá færandi hendi með bústinn mistiltein í rauðum borða og hittu ástarfuglana í hjartastað. Sú gjöf lofar endalausri rómantík með heitum kossum undir mistilteini. Mistilteinn var að fornum jólasíð hengdur upp í eldhúsi eða útihúsum, og hitti maður konu miðja veginni undir mistilteininum fékk hann leyfi til að kyssa hana. Við hvern koss þurfti að tína ber af mistilteininum og þegar berin voru uppurin var kossaleyfið úti.



#### LEYNDARMÁL Í PAKKANNA

Hamlar peningaleysi jólagjafa-kaupunum í ár? Því ekki að gefa þá af sjálfum sér, eitthvað sem þú átt verðskuldað einn en aðrir ásælast mjög, eins og til dæmis uppskriftir þínar frá sælkerasamfundum liðinna tíðar? Veldu þá fallega bók með óskrifðum blaðsíðum og skrifaðu niður góðar og gamalreynndar leyni- og fjölskylduuppskriftir sem öðrum nýtast í eldhúsinu og við veisluhöld um aldur og ævi. Þetta er gjöf frá hjartanu og sem hittir í mark, og auðvelt að myndskreyta uppskriftirnar með einföldum teikningum eða álímdum ljósmyndum af krásunum.

# Djöflanýlendan

eftir metsöluhöfundinn James Rollins (New York Times)  
er háspennubók sem gerist einkum í Bandaríkjunum  
en líka Á ÍSLANDI  
– í Elliðaey.



„Hræðileg leyndarmál,  
andblær sögunnar,  
sagnaskáldskapur  
af bestu gerð,  
stanslaus spenna ...  
Enginn  
– og ég meina enginn –  
gerir þetta betur  
en Rollins.“  
– Lee Child

„Leyndur indíánafjár sjóður,  
leyndarmál Fort Knox,  
samsæri sem tengist  
stofnun Bandaríkjanna.  
Djöflanýlendan gefur manni  
fulla ástæðu til að langa  
að ganga til liðs við Sigma.“  
– Brad Meltzer,  
höfundur metsöluþókarinnar  
*The Inner Circle*

„Rollins blandar saman  
nútimavísindum og öflugri spennu  
til að búa til ólgandi sögur af ævintýrum sem eru jafn spennandi  
og hvaða kvikmynd sem er.“  
– *Chicago Sun-Times*

ALMENNA  
ÚTGÁFAN

BÓKAÚTGÁFAN  
ÆSKAN

Bækur eftir James Rollins hafa komið út á 33 tungumálum.

## JÓLAGJAFAR HANDBÓKIN

KEMUR ÚT 29. NÓVEMBER

MEÐAL EFNIS  
Í BLAÐINU:

JÓLALÍÓSin, KÖKUR OG SÆTINDI,  
SKRAUT OG FÖNDUR, MATUR OG BORDHALD  
JÓLASÍÐUR OG VENJUR

Bókið auglýsingar  
tímanlega:

Benedikt Freyr Jónsson  
S: 512 5411, gsm 823 5055  
benediktj@365.is

Ívar Örn Hansen  
S: 512 5429, gsm 615 4349  
ivarorn@365.is

Sigríður Dagný  
S: 512 5462, gsm 823 3344  
sigridurdagny@365.is

